

Menning

Menning

Menning



Skúlpúr eftir Ivar Valgarðsson.

Forsögulegt ástand

Ivar Valgarðsson sýnir skúlpúra sem virðast vera í beinu framhaldi af síðustu sýningu hans í Nýlistasafninu nema að nú býr hugsun listamannsins í sama listhlutum. Verkin byggjast á tveimur andstæðum. Annars vegar rökhusuðu formi verkanna og hins vegar skrift innri formeinda. Í raun standa þessi verk nálægt þeim tilraunum sem margir nýmálarar hafa stundað undanfarið og rekja má auðveldlega til eldri listamanna eins og t.d. Cobramannanna og Dubuffet. Í verkum Ivars ríkir primitífsmi sem síðan er undirstrikaður með ákveðinni forsögulegri vísun. Innan þessara verka ríkir annarlegt ástand. Það vottar lítt fyrir listamanninum og listaverkin virðast vera vitnisburður um fjarlæga

menningu og primitífa hugsun þar sem náttúran og maðurinn hvarfast í eitt.

Dýragarður

Þór Vigfússon sýnir flest verk, 65 talsins, þar sem gefur að líta stóran hluta dýraríkisins. Býr hann til sebrahest úr pappa og króddúl, einnig málur hann viðkomandi dýr á striga. Það er erfitt að gera sér grein fyrir ásetningi listamannsins sem virðist helst vera endurminningar frá fyrri skólastigum! En vist er að þessi dýraheimur færi vel á einhverju barnaheimili höfuðborgarinnar!

Fjórði listamaðurinn er Rúna Þorvaldsdóttir sem búsett er í Hollandi og sýnir hún 10 verk. Hún vinnur í anda conceptlistarinnar. Þó að við getum vart talað hér um persónulega

sköpun eru verkin „Beach by night“ og „Rainbow“ faglega samsett.

5–10 ára reynsla

Þeir listamenn sem hér sýna eru allir komnir með 5–10 ára reynslu í listrænni sköpun. Þetta er því allt listafólk sem býð er að slita tengslin við listnámið og skapa sér sjálfstæða list-sýn. Þó að við getum vart borið saman viðkomandi listamenn er greinilegt að þau Rúrí og Ivar standa á mun persónulegri og athyglisverðari grunni en meðsynendur þeirra, Þór og Rúna.

Verk Rúrí og Ivars koma sérlega vel út í þessum salarkynnum og ættu listunnendur nú að fjölmenna á Kjarvalsstaði og kynna listamönnum sem almennt hafa fengið alltof litla athygli.

GBK

GM · OPEL · VAUXHALL · BEDFORD  
RÝMINGARSALA

RÝMINGARSALAN ER ENN Í FULLUM GANGI:  
ÓTRÚLEGT VARAHLUTAVERÐ. — KOMIÐ OG SKOÐIÐ  
LAGERINN. OPIÐ FRÁ 8.00 TIL 18.00



GÆDAEFTIRLIT MED GÆDAVÖRUM.

**BIFREIÐAÐEILD SAMBANDSINS**

VARAHLUTAVERSLUN HÖFÐABAKKA 9 SÍMI 84710 OG 84245 SÉRÞÖNTUN SÍMI 6 85527



MÁ BJÓÐA ÞÉR

...ljúffengan mat í hádeginu og á kvöldin? Eða eitt gírnilegasta úrval af heimabökuðum kökum í bænum?

Gerðu þá svo vel að heimsækja endurnýjaðan og stórglæsilegan veitingasal okkar, — þótt ekki sé nema til að kynnaast vinsæla setkróknum.

Nýr matseðill!

**Hótel Hof**

Rauðarárstíg 18 – Sími 28866

SÓKNARFÉLAGAR – SÓKNARFÉLAGAR

Almennur félagsfundur Borgartúni 6 mánudaginn 26. mars kl. 20.30.

Fundarefni:

- Samninganefnd kynnir nýja kröfugerð.
- Önnur mál.
- Sýnið skirteini.

Stjórnin.

FRÁ LJÓSMÆÐRASKÓLA ÍSLANDS

Kennsla hefst í Ljósmeðraskóla Íslands 1. september 1984. Inntökuskilyrði eru próf í hjúkrunarfræði.

Umsóknir sendist skólastjóra Ljósmeðraskóla Íslands fyrir 1. júní nk. ásamt prófskirteinum og heilbrigðisvottorði. Umsóknareyðublöð fást í skólanum eða hjá riturum Kvennadeildar.

Nánari upplýsingar eru veittar í skólanum á mánudögum frá kl. 9.00–16.00 og fimmtudögum kl. 13.00–16.00.

Reykjavík, 25. mars 1984  
Skólastjóri

MARCH 1984

BEST SELLERS

MAGAZINE & BOOKSELLER

1 SEEDS OF YESTERDAY Pocket Books kr. 237,- V.C. Andrews	6 VOICE OF THE HEART Bantam kr. 270,- Barbara T. Bradford
2 CROSSINGS Dell kr. 237,- Danielle Steel	7 1984 Signet/NAL kr. 177,- George Orwell
3 ASCENT INTO HELL Warner kr. 237,- Andrew Greeley	8 ONE MINUTE MANAGER Berkley kr. 417,- Kenneth Blanchard
4 MEGATRENDS Warner kr. 237,- John Naisbitt	9 THE LONESOME GODS Bantam kr. 270,- Louis L'Amour
5 FLOATING DRAGON Berkley kr. 237,- Peter Straub	10 2010: ODYSSEY II Del Rey kr. 237,- Arthur Clarke

Metsölubækurnar á ensku fáid þið hjá okkur í vasabroti. Koma í flugi jafnóðum og þær koma út í Bandaríkjunum.

Aðrir útsöluastaðir:  
Penninn, Hallarmúla.  
Penninn, Hafnarstræti.  
Hagkaup, Skeifunni.  
Mikligarður við Sund.  
Flugbarinn Rvíkflugvelli.

Bókabúð Jónasar, Akureyri.

Dreifing: Þorst. Johnson hf. Laugavegi 178, sími 86780



Póstsendum

ÚTBOÐ

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í eftirtalin verk:

Sauðárkróksbraut II

Uppbygging hluta Sauðárkróksbrautar innan Sauðárkróks.

Helstu magntölur:

Lengd	1,4 km	ylling	4500 m <sup>3</sup>
skering	1400 m <sup>3</sup>	burðarlag	6500 m <sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1984.

Norðurlandsvegur í Langadal

Uppbygging hluta Norðurlandsvegur í Langadal.

Helstu magntölur:

Lengd	2,5 km	ylling	44400 m <sup>3</sup>
skering	2800 m <sup>3</sup>	burðarlag	12000 m <sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. ágúst 1984.

Efnisvinnsla I á Norðurlandi vestra 1984.

Mala skal burðarlagsefni í Reynistaðarnámu.

Efnismagn er 7000 m<sup>3</sup>

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1984.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Vegagerðar ríkisins á Sauðárkróki og hjá aðalgjaldkera Vegagerðar ríkisins, Borgartúni 5, Reykjavík, frá og með mánudeginum 26. mars nk. gegn 1000 kr. skilatrýggingu fyrir hvert verk.

Fyrirspurnir ásamt óskum um upplýsingar og/eða breytingar skulu berast Vegagerð ríkisins á Sauðárkróki skriflega eigi síðar en 2. apríl nk.

Gera skal tilboð í samræmi við útboðsgögn og skila í lokuðu umslagi merktu nafni útboðs til Vegagerðar ríkisins, Borgarsíðu 8 Sauðárkróki, fyrir kl. 14.00 mánudaginn 9. apríl 1984 og kl. 14.15 sama dag verða tilboðin opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Reykjavík í mars 1984  
Vegamálastjóri.